

Mánudaginn 30. nóvembermánaðar.  
 Nr. 6/1896. Þórarinn Hálfðánarson

gegn

Sigríði og Margrjeti  
 Hálfðánardætrum og skipta-  
 ráðandanum í Norður-Múla-  
 sýslu.

D ó m u r:

Hinn 1. dag júnímánaðar 1863 gjörði ekkjan Hólmfríður Þórarinsdóttir á Bakka í Norður-Múla-sýslu 2 ráðstöfunarbrjef eða gjafabrjef til handa syni sínum, áfrýjandanum Þórarni Hálfðánarsyni. Með öðru brjefinu afhenti hún Þórarni »upp í væntanlegan arf hans eptir hana til fullkominnar eignar og umráða eptir hennar dag«  $\frac{3}{4}$  parts í jörðinni Oddsstöðum með hjáleigunni Núpskötlu, og  $\frac{2}{3}$  parts í jörðinni Höfn með hjáleigunni Steintúni, þannig að hinn fyrnefndi jarðarparturinn skyldi reiknast Þórarni eptir mati gefandans á 540 rdl. (=1080 kr.) og hinn síðarnefndi jarðarparturinn á 620 rd. (=1240 kr.); hitt brjefið hljóðar á þá leið, að hún, gefandinn Hólmfríður Þórarinsdóttir, »gefi hjer með í lifanda lífi syni sínum Þórarni Hálfðánarsyni til fullkominnar eignar þá háflendu jarðarinnar Bakka í Skeggjastaðahreppi og Norður-Múlasýslu, sem henni skiptist við samarfaskipti eptir mann hennar sál, Þorstein Bjarnason, með öllum þeim sömu rjettindum og hlunnindum, sem hún hingað til hafihanaátt, en áskilur sjer þó að hafa, svo lengi sem hún lifir, landskuld og öll bygging-

arumráð nefndrar hálfleudu«. Bæði þessi brjef voru, sama dag sem þau voru gjörð, staðfest fyrir notarius publicus, sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, og 2 vitundarvottum hans. Hólmfríður Þórarinsdóttir andaðist 19. desbr. 1882, og var þá bú hennar tekið til skipta af skiptarjetti Norður-Múlasýslu, en erfingjar hennar voru börn hennar, áfrýjandinn Þórarinn Hálfðánarson, og systur hans, hinar stefndu, Sigríður og Margrjet Hálfðánardætur. Skiptunum var þá lokið 22. sept. 1883, en þeim var áfrýjað, og með yfirrettardómi, uppkveðnum 11. maímán. 1885, voru þau dæmd ómerk og skiptaráðandanum boðið að taka búinu til nýrra og löglegra skipta frá rótum. Það verður eigi sjæð, að hreyft hafi verið við skiptum á búinu frá þessum tíma og þangað til skiptafundur var haldinn í því 14. marz 1895, en á tveim öðrumskiptafundum, 29. og 30. maímánaðar s. á., var það leitt til lykta og því skipt af skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu. Á þessum skiptafundum ljétu allir erfingjarnir mæta, og þá lagði Þórarinn Hálfðánarson fram ofangreind gjafabrjef, og krafðist þess, að þau væru tekin til greina eptir innihaldi þeirra, þannig, að hið fyrra brjefið um Oddstaði og Höfn væri skilið á þá leið, að það innihjeldi testamentaríska ráðstöfun á eignunum með ákveðinni virðingu upp í væntanlegan arf samkvæmt 10 gr. í tilsk. 25. sept. 1850, og að hið síðarnefnda brjefið um hálfu jörðina Bakka innihaldi dánargjöf til handa áfrýjanda. Báðum brjefunum var mótmælt af hálfu hinna erfingjanna,

bæði gildi þeirra yfirleitt og skilningi áfrýjanda á þeim, og kvað skiptarjetturinn síðan hinn 30. maí f. á. upp svofelldan úrskurð um ágreininginn: að helmingur jarðarinnar Bakka í Skeggjastaðahreppi útleggist Þórarni Hálfðánarsyni sem dánargjöf af búinu óskiptu, en  $\frac{3}{4}$  partar úr Oddstöðum og Núpskötlu í Presthólahreppi, og  $\frac{2}{3}$  partar úr Höfn með Steintúni í Skeggjastaðahreppi falli inn undir búsheildina og skiptist milli allra erfingjanna. Síðan var skiptunum lokið sama dag. Þessum úrskurði og skiptagjörðinni hefur Þórarinn Hálfðánarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefni 30. jan. þ. á., og samkvæmt uppreistarleyfi útgefni 29. s. m., og hetur hann gjört þær rjettarkröfur, að úrskurðurinn og skiptagjörðin verði úr gildi felld, og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið til skiptamedferðar af nýju og skipta því þannig, að jarðirnar  $\frac{1}{2}$  Bakki,  $\frac{3}{4}$  úr Oddstöðum með Núpskötlu og  $\frac{2}{3}$  úr Höfn með Steintúni verði afhentar áfrýjanda sem gjöf í lifanda lífi, en til vara, að þær verði úthlutaðar honum sem dánargjöf, að svo miklu leyti sem lög leyfa; ennfremur gjörir hann kröfu til hæfilegs málskostnaðar eptir mati rjettarins. Þar sem hinar stefndu af sinni hálfu aðallega hafa gjört kröfu um ýmsar breytingar á skiptunum, verður henni eigi gaumur gefinn, með því að þær hafa ekki gagnáfrýjað þeim, og kemur því til álita að eins varakrafa þeirra um, að úrskurðurinn og skiptagjörðin verði staðfest, og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Bæði fyrir skiptarjettinum og fyrir yfirdóm-  
inum hefur því verið haldið fram af hálfu hinna  
stefndu, að það sje eigi löglega sannað, að Hólm-  
fríður Þórarinsdóttir hafi gjört eða látið gjöra  
gjafabrjefin frá 1. júní 1863. En þetta er ekki  
rjett, því að vottorð notarii publici, sem staðfest  
er með undirskript hans og embættisinnsgli og  
undirskriptum tveggja notarialvotta, sem sjerstak-  
lega eru nefndir á nafn í sjálfu vottorðinu, er lög-  
mæt sönnun fyrir því, að hún hafi gjört eða lát-  
ið gjöra brjefin, og þar sem hreyft hefur verið  
mótmælum gegn því, að undirskript annars not-  
arialvottsins sje hans eigin nafnskript (sje »ekta«),  
þá eru þau mótmæli alveg þýðingarlaus, því að  
vottorð og undirskript notarii sjálfs sannar votta-  
undirskriptirnar.

Þar sem áfrýjandi aðallega heldur því fram,  
að jarðeignirnar hafi verið ánafnaðar honum sem  
lifsgjöf (donatio inter vivos) með gjafabrjefunum,  
þá verður eigi fallizt á það eptir orðum brjefanna  
sjálfra. Þetta er alveg ljóst að því er snertir  
gjafabrjefið fyrir Oddstöðum og Höfn, sbr. orðin:  
»afhendi jeg upp í væntanlegan arf hans eptir  
mig til fullkominnar eignar og umráða eptir minn  
dag« etc., enda er það komið fram í málinu, að  
áfrýjandi hafi eigi notið afgjalda af jörðum þess-  
um, fyr en eptir lát móður sinnar, og þá þó ekki  
nema af annari þeirra, sem sje Höfn með Stein-  
túni. Sama verður og niðurstaðan, að því er snertir  
brjefið um Bakkahálflenduna; að visu stendur  
í upphafi þess: »gef jeg hjermed i lifanda lifi syni

mínum Þórarni Hálfánarsyni þá háflendu jarðarinnar Bakka», en í niðurlaginu segir gefandinn, að hún »áskilji sjer að hafa svo lengi sem hún lifi landskuld og öll byggingarumráð nefndrar háflendu«. Af þessu ákvæði er augljóst, að hjer er að ræða um dispositio mortis causa. Þannig verður að líta svo á, að bæði brjefin hafi í sjer fólgna dánarráðstöfun og að þau heyri undir ákvæðin í erfðalögunum 25. sept. 1850, 25. gr.

Þá hefur því af hálfu hinna stefndu verið haldið fram, að við tilorðningu gjafabrjefanna hafi eigi verið gætt fyrir mælanna í 23. gr. erfðalaganna, með því að notarius publicus hafi eigi vottað, að brjefin hafi verið lesin upp fyrir testatrix (Hólmfríði), áður en hún ljét skrifa nafn sitt undir þau, en hún hafi vitanlega verið óskrifandi og ekki læs á skript, og svo hafi hún misst sjónina algjörlega um það leyti, sem brjefin voru gjörð. Á þetta verður eigi heldur fallizt, því að það fer svo fjarri því að stefndu hafi komið fram með nokkur rök fyrir því, að Hólmfríður væri ólæs á skrif, og að hún væri orðin blind, þegar brjefin voru gjörð, að hið gagnstæða er gjört mjög sennilegt með ýmsum skýrslum málsins, bæði að hún hafi verið vel læs á skript, og að hún hafi haft lestrarsjón, eptir að hún gjörði brjefin. Þetta virðist og liggja ótvíræðlega í notarialvottorðinu, þar sem segir: »lýsti hún því yfir, að gjafabrjef þetta innihjeldi einlægan vilja hennar«. Þar sem þess eigi er getið, að brjefin hafi verið lesin upp fyrir henni, má álíta það fullvíst, að hún hafi lesið þau sjálf, en

um það þurfti notarius eigi að geta í vottorði sínu, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 23. gr. Samkvæmt þessu verður að álíta bæði brjefin formlega lögmætar dánarráðstafanir, og er það því rangt, að skiptarjetturinn hefur hrundið gjafabrjefinu um Oddstaði og Höfn. Eptir gjafabrjefunum eiga nú þar tilnefndar jarðeignir að útleggjast áfrýjanda af búi Hólmfríðar óskiptu, þó svo, að gjöf hennar til áfrýjanda, háflendan Bakki, eigi fari fram yfir það, er henni var heimilt að ráðstafa samkvæmt 22. gr. erfðalaganna, eptir þeirri virðingu, sem nú hefur verið lögð á háflendu þessa, og enn fremur þannig, að Oddstada- og Hafnar-partarnir með hjáleigum sjeu, með sama fyrirvara um takmörkun eptir 22. gr. erfðalaganna, taldir honum til arfs með því verði, sem á þá er sett í brjefinu 1. júní 1863, því að eigi verður álitid, að hann hafi afsalað sjer að fá jarðarpartana með þessu verði, er módir hans hafði sett á þá, þótt hann eigi mótmælti virðingu þessara jarðeigna í skiptarjettarhaldinu 14. marz f. á., því að virðingin var eigi óþörf, þótt ákvæðum brjefsins væri fylgt, enda var fyrirskipuð í yfirjettardóminum 11. maí 1885; og módir áfrýjandans á hinn bóginn hafði heimild til að gjöra svofellda ráðstöfun, innan þeirra takmarka, sem 22. gr. erfðalaganna setur, en þetta síðarnefnda brjef er einmitt gjafabrjef að því leyti sem þar er sett lægra verð á jarðirnar en þær eru í raun og veru verðar eptir virðingunni, er gjörð var til afnota við skiptin.

Með skirskotun til hins framanritaða verður

eptir kröfu áfrýjanda að fella úr gildi hinn áfrýjanda skiptarjettarúrskurð og skiptagjörð, og skylda skiptaráðandann í Norður-Múlasýslu til að taka búið aptur fyrir til meðferðar, leiða það til lykta og skipta því þannig, að hálf jörðin Bakki í Skeggjastadahreppi útleggist áfrýjanda sem dánargjöf, og að honum útleggist upp í arf hans  $\frac{3}{4}$  Oddstaða og Núpsköttlu í Presthólahreppi fyrir 1080 kr. og  $\frac{2}{3}$  Hafnar og Steintúns í Skeggjastadahreppi fyrir 1240 kr., þó svo, að dánargjafir þær, er áfrýjandi þannig hlýtur, eigi fari fram úr  $\frac{1}{4}$  hluta dánarbús Hólmfríðar Þórarinsdóttur, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 22. gr. Eptir málavöxtum fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjadi skiptarjettarúrskurður og skiptagjörð skal fellt úr gildi, og ber skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu að taka að nýju til meðferðar dánarbú Hólmfríðar Þórarinsdóttur frá Bakka, leiða það til lykta og skipta því þannig, að áfrýjandinn Þórarinn Hálfánarson fái í sinn hlut sem dánargjöf  $\frac{1}{2}$  jörðina Bakka í Skeggjastadahreppi og upp í arf sinn  $\frac{3}{4}$  hluti jarðarinnar Oddstaða með Núpsköttlu í Presthólahreppi fyrir 1080 kr., og  $\frac{2}{3}$  hluta jarðarinnar Hafnar með Steintúni í Skeggjastadahreppi fyrir 1240 kr., þó svo, að dánargjafir áfrýjanda eigi fari fram úr  $\frac{1}{4}$  hluta dánarbúsins samkvæmt erfðalögum 25. sept. 1850, 22. gr. Málskostnaður falli niður.